

## 10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 12. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd V-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25 mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 303 3. ágúst. 1977.

*Samgönguráðuneytið, 1. nóvember 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

Birgir Guðjónsson.

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu framleiðsluforskriftar lyfs.

Frá og með 1. apríl 1983 er framleiðsla eftirtalins lyfs framleitt skv. óstaðlaðri forskrift óheimil:

Tablettaa:

Codeini phosphas .....	10 mg
Phenemalum .....	25 mg
Coffeinum .....	50 mg
Phenacetinum .....	200 mg
Acidum acetylsalicylicum .....	200 mg

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. september 1983, en ekki meira en 30 töflur í senn.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

Ingolf J. Petersen.